

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

17. gr.

Nemendur skulu í kennslustundum sem utan þeirra sýna kennurum sínum virðingu og hlýðni.

18. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum fjarvistir eru byggðar, sé eigi krafist læknisvottorðs.

19. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir og ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu. Reykingar eru stranglega bannaðar í kennslustofum.

20. gr.

Valdi nemandi skemmdum á húsakynnum, kennsluáhöldum eða munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

21. gr.

Skyldir eru nemendur til að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að vera settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

22. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, að dómi skólastjóra og fastra kennara, getur skólastjóri vísað honum burt úr skólanum um stundarsakir og við ítrekað brot fyrir fullt og allt.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22. 3. maí 1972, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 1 14. febrúar 1967.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

1/11 1972.

Nr. 260.

REGLUGERÐ

um Ríkisútvarp.

I. KAFLI

Starfssvið Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir stjórnarsfarslega undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, en til þess telst útsending til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem sent er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Það telst samkvæmt lögum þessum ekki útsending til viðtöku almennings, þótt veitt sé upplýsingaþjónusta um hið almenna símakerfi, sendar út veðurfregnir eða önnur boð til skipa á hafi úti eða sent efni um þráð til viðtakenda innan byggingar eða samliggjandi bygginga sömu stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum eða verksmiðjum.

3. gr.

Ríkisútvarpið gerir áætlun um, hvar vera skuli sendistöðvar og endurvarpsstöðvar hljóðvarps og sjónvarps. Miða skal við, að allar byggðir landsins hafi not útvarps og sjónvarps. Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landsíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpinu er heimilt að flytja inn, eiga og reka hvers konar tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpsstarfsemi, svo sem hljóðvarp eða sjónvarp frá stöðum utan útvarpshúss, til flutnings á dagskrá til sendistöðva og annarra þarfa.

II. KAFLI

Útvarpsstjóri.

4. gr.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. um auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs, sbr. 17. gr.

5. gr.

Í fjarveru útvarpsstjóra gegnir sá af framkvæmdastjórum Ríkisútvarpsins störfum hans, sem menntamálaráðherra ákveður.

6. gr.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár samkvæmt ákvörðunum útvarpsráðs og gætir hann þess, að settum reglum sé fylgt í hvívetna.

Ef forföll eða önnur atvik hindra, að fullnaðarákvarðanir um dagskrá verði teknar í tæka tíð, eða að slíkar ákvarðanir verði framkvæmdar, ber útvarpsstjóra að taka ákvarðanir samkvæmt því, sem venjur og atvik liggja til.

7. gr.

Ef um kvartanir um dagskrárefni er að ræða eða kærur um brot á reglum, skal þeim beint til útvarpsstjóra. Leiki vafi á, hvernig með skuli fara mál, er snerta 3. gr. útvarpslaga, skal vísa þeim til útvarpsráðs.

III. KAFLI

Útvarpsráð.

8. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf útvarpsráðs.

9. gr.

Útvarpsráð heldur fundi svo oft sem þurfa þykir, og að jafnaði einu sinni í viku. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skyld er formanni að kveðja til fundar, ef útvarpsstjóri eða tveir útvarpsráðsmenn æskja þess.

10. gr.

Útvarpsráð velur ritara innan ráðsins. Hann eða annar, sem til þess er sérstaklega ráðinn, færir í gerðabók ályktanir útvarpsráðs og annað það, sem miklu þykir skipta af því, sem fram fer á fundum. Skyld er að færa til bókar ágreiningsorð eftir óskum útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóra.

11. gr.

Fundur í útvarpsráði er lögmætur, ef meiri hluti útvarpsráðsmanna er viðstaddur. Ákvörðun útvarpsráðs er því aðeins lögmæt, að meiri hluti útvarpsráðsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Nafnakall skal viðhafa, ef einhver útvarpsráðsmaður eða útvarpsstjóri æskir þess, og teljast þá allir viðstaddir útvarpsráðsmenn taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Skal þá ágreiningsefni, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabók.

12. gr.

Ef útvarpsráðsmaður forfallast, skal, ef fram kemur beiðni um það, kveðja til varamann hans.

Útvarpsráð skiptir með sér verkum eftir því sem henta þykir. Það getur falið nefndum, skipuðum útvarpsráðsmönnum og starfsmönnum stofnunarinnar, að hafa með höndum undirbúning sérstakra flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráð í heild til samþykktar.

13. gr.

Dagskrá skal í höfuðdráttum lögð fyrir útvarpsráð með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Fullnaðardagskrá hverrar viku skal semja svo snemma, að tími sé til að kynna hana þjóðinni í helstu fjölmiðlum.

14. gr.

Útvarpsstjóri setur, í samráði við útvarpsráð, gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Framkvæmdastjóri fjármáladeildar og framkvæmdastjórar hljóðvarpsdeildar og sjónvarpsdeildar ákveða greiðslur samkvæmt gjaldskránni, en skylt er þeim að hafa samráð við útvarpsstjóra og formann útvarpsráðs, ef vafi leikur á um það, hversu ákveða skuli þóknun.

Sé um meiriháttar greiðslur að ræða vegna afbrigðilegrar dagskrár, kostnaðarsamra leikrita o. s. frv., skulu ákvarðanir teknar á fundi útvarpsráðs. Áætlun um kostnað við slíka kostnaðarliði skal liggja fyrir til samþykktar, áður en þeir eru ákveðnir í dagskrá.

IV. KAFLI**Fréttir.****15. gr.**

Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttauka um hvaðeina, sem að dómi fréttastofu hljóðvarps eða sjónvarps hefur almennt fréttagildi.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera blandnar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum eða einstaklingum.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast auglýsingar eða tilkynningar, nema þær varði starfsemi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum, og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.

Við skráningu fréttar skal þess jafnan gætt, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi. Ríkisútvarpið verður ávallt að vera reiðubúið að gera grein fyrir heimildum fréttar.

16. gr.

Óheimilt er að flytja ummæli manns, hvort sem er í frásögn, hljóð- eða myndritun, nema sá hafi vitað, að fréttamaður var viðstaddur, er orð hans voru hljóð- eða myndrituð.

Við val fréttamynda skal þess vandlega gætt, að þær gefi sem sannasta mynd af þeim atvikum eða atburðum, sem sýna á, en forðast hvers konar afmyndun.

17. gr.

Útvarpsstjóri setur nánari reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins að fengnu samþykki útvarpsráðs. Ákvæði 7. gr. gilda jöfnum höndum um fréttir.

V. KAFLI

Auglýsingar.

18. gr.

Ríkisútvarpið tekur auglýsingar til flutnings í hljóðvarpi og sjónvarpi. Skal þess gætt, að þær séu látlausar í hvívetna, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi eða sýni það eitt, sem er satt og rétt í öllum greinum.

19. gr.

Auglýsingar skulu aðeins fluttar á tilteknum tímum, sem útvarpsstjóri ákveður í samráði við útvarpsráð, nema um neyðartilkynningar sé að ræða.

20. gr.

Ráðherra ákveður gjald fyrir auglýsingar, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Heimilt er að hafa mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

21. gr.

Útvarpsstjóri setur, að fengnu samþykki útvarpsráðs, nánari reglur um auglýsingar og meðferð þeirra.

VI. KAFLI

Innheimta.

22. gr.

Innheimtuskristofa Ríkisútvarpsins hefur eftirlit með því, að fullnægt sé fyrir-mælum 16. gr. útvarpslaga um tilkynningar viðtækja og annast könnun í því skyni. Í skrifstofunni skulu haldnar nauðsynlegar skrár yfir viðtæki og gjaldendur.

Innheimtuskristofan hefur með höndum innheimtu afnotagjalda af viðtækjum. Eigendur viðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim, sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 16. gr. nefndra laga hefur borist Ríkisútvarpinu. Afnotagjöldum fylgir lögtaksréttur samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, sbr. og 20. gr. útvarpslaga. Þegar afnotagjald er tryggt með lögveði í sjónvarpsviðtæki samkvæmt 18. gr. útvarpslaga, gilda um innheimtu þess ákvæði laga nr. 49/1951, um sölu lögveða án undangengins lögtaks, enda hafi úrskurður verið auglýstur samkvæmt 20. gr. útvarpslaga.

23. gr.

Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þ. á m. vegna sölu frá aðila, sem verslar með viðtæki, skal nýr eigandi og einnig sá, sem af hendi lætur, tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins eigendaskiptin skriflega eigi síðar en innan hins 15. dags næsta mánaðar eftir að eigendaskipti fóru fram. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

Tilkynningar skulu skráðar á eyðublöð frá Ríkisútvarpinu samkvæmt 4. mgr. 16. gr. útvarpslaga. Þar skal greina dagsetningu sölu eða annarrar eignaryfirfærslu, fullt nafn og heimilisfang bæði þess, er viðtæki lætur af hendi, og þess, er við tekur,

nafnnúmer hins nýja eiganda, ef um einstakling er að ræða, svo og tegund og framleiðslunúmer sjónvarpsviðtækis. Tilkynning skal undirrituð bæði af þeim, er viðtæki lætur af hendi, og hinum nýja eiganda þess.

Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- og sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna Ríkisútvarpinu þegar í stað, er hann hefur þau störf.

24. gr.

Innheimta skal árlegt afnotagjald, sjónvarpsgjald, af hverju sjónvarpsviðtæki, sem hafa má til þess að hagnýta útvarp ríkisins.

Með greiðslu sjónvarpsgjalds hefur eigandi sjónvarpsviðtækis fullnægt skyldum sínum um greiðslu afnotagjalds fyrir hljóðvarpsviðtæki skv. 25. gr.

Sá, sem hefur sjónvarpsviðtæki á leigu eða að láni, skal greiða sjónvarpsgjald sem væri hann eigandi sjónvarpsviðtækis, en heimilt er að krefja hinn skráða eiganda, ef vanskil verða hjá notanda.

25. gr.

Útvarpsnotandi, sem eigi greiðir sjónvarpsgjald, skal greiða hljóðvarpsgjald af hljóðvarpsviðtækjum, sem hér segir:

1. Af einu viðtæki á heimili hverju, þó að fleiri séu þar í notkun. Með heimili er átt við íbúðarhúsnæði, sem útvarpsnotandi býr í sjálfstætt, einn eða ásamt fjölskyldu sinni. Það tekur meðal annars til þess, er útvarpsnotandi býr einn í leiguberbergi, og sömuleiðis til einstaklinga, sem atvinnu stunda eða eigi eru á framfæri annarra, þó að þeir séu í fæði hjá húsráðanda eða öðrum. Í því sambandi, sem hér ræðir um, telst sumarbústaður hluti af heimili. Ef viðtæki er notað með leiðslum til annarra heimila, telst hvert heimili útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útvarp ríkisins.
2. Af einu viðtæki í stofnun hverri. Ef stofnun greinist í deildir, skal greiða gjald fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig sbr. og 26. gr.
3. Af viðtækjum í skipum sbr. og 26. gr.
4. Af viðtækjum í einkabifreiðum skal greiða $\frac{2}{3}$ afnotagjalds fyrir árið 1972 og $\frac{1}{3}$ afnotagjalds fyrir árið 1973, en eftir það falli afnotagjald niður. Af viðtækjum í öðrum bifreiðum og vélknúnum tækjum skal greiða fullt gjald.
5. Greiða skal afnotagjald af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í talstöðvartækjum.

26. gr.

1. Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, gistihús og skólar greiði hljóðvarpsgjald af hverju útvarpsviðtæki, en ekki línun frá þeim til annarra vistarvera, sbr. þó lið 3. Greiða skal sjónvarpsgjald af fyrsta sjónvarpsviðtæki og síðan hálf sjónvarpsgjald af hverju sjónvarpsviðtæki í samfelldri notkun í eigu stofnunar.
2. Vistmenn dvalar- og elliheimila með eigin viðtæki í notkun þar, greiði ekki afnotagjöld af þeim.
3. Starfsfólk, sem býr í slíkum stofnunum, greiði afnotagjöld eftir almennum reglum. Það teljast sjálfstæð útvarpsafnot, ef útvarp er tengt með línu til vistarvera starfsmanna þessara frá útvarpsviðtæki í eign stofnunarinnar.
4. Sérhver skráð skip skal greiða eitt hljóðvarpsgjald, hvort heldur um borð er útvarpsviðtæki eða útbúnaður til hljóðvarpsmóttöku frá talstöðvartæki. Af sjónvarpsviðtæki í skipi skal greitt samkvæmt almennt reglu. Af sjónvarpsviðtækjum í skipum í millilandasiglingum greiðist hálf sjónvarpsgjald. Af sjónvarpsviðtækjum í fiskiskipum, sem um lengri tíma veiða á fjarlægum miðum, er heimilt að veita afslátt með hliðsjón af þeim aðstæðum.

27. gr.

Gjalddagar afnotagjalda af útvarpsviðtækjum eru 1. mars og 1. september.

28. gr.

Nú hefur útvarpsnotandi ekki greitt afnotagjald innan mánaðar frá gjalddaga þess, og er þá heimilt að bæta við gjaldið 10%.

29. gr.

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á útvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu.

30. gr.

Innheimtuskristofa Ríkisútvarpsins annast framkvæmdir, ef innsigla þarf viðtæki eða taka það úr vörslu umráðamanns samkvæmt 21. gr. útvarpslaga. Héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framkvæmda þessara.

Heimildarlaust rof á innsigli varðar refsingu eftir 113. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar viðtæki er innsiglað eða tekið úr vörslu samkvæmt framansögðu, ber eiganda eða umráðamanni að greiða allan áfallinn kostnað af þeim framkvæmdum.

Nú hefur viðtæki verið innsiglað eða tekið úr vörslu vegna vanskila, sbr. 2. tölulið 21. gr. útvarpslaga, og skal þá því aðeins fella hömlur þessar niður, að full skil hafi verið gerð.

31. gr.

Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþega, sem fær uppbót á lífeyri sinn samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 32 frá 25. janúar 1972, um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, undanþágu frá greiðslu afnotagjalds af viðtæki í hans eigu, enda sé viðtækið hagnýtt til einkanota.

Útvarpsstjóri ákveður undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi að fengnum tillögum samtaka blindra.

VII. KAFLI

Framkvæmdasjóður.

32. gr.

Í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins leggjast 5% af brúttótekjum stofnunarinnar ár hvert.

33. gr.

Fé Framkvæmdasjóðs má aðeins verja til að tryggja Ríkisútvarpinu viðunandi húsnæði fyrir starfsemi sína, svo og til að afla nauðsynlegra tækja og endurnýja þau.

34. gr.

Útvarpsstjóri sér um fjárreiður Framkvæmdasjóðs. Fé sjóðsins skal ávaxta í ríkisbanka.

VIII. KAFLI

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 24. gr. útvarpslaga.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 28/1958, um útvarpsrekstur ríkisins, með áorðnum breytingum.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. nóvember 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgír Thorlacius.